

Gunnþórunn Ingólfssdóttir  
Fljótdsalshreppur  
Végarði  
701 Egilsstaðir

Reykjavík 22. júní 2015  
UST201505-148/H.G.  
10.04.03

## Efni: Tillaga að deiliskipulagi Hengifossárgljúfurs, Fljótdsalshreppi

Vísað er til erindis sveitarstjórnar Fljótdsalshrepps er barst 12. júní síðastliðinn þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi Hengifossárgljúfurs.

Í tillögunni er Hengifossárgljúfur skipulagt sem verslunar- og þjónustusvæði og umtalsverð uppbygging er fyrirhuguð á svæðinu. Þar ber helst að nefna nýbyggingar og fráveitu vegna móttöku og aðstöðu ferðamanna, nýtt bílastæði og breytingar og lagfæringar á göngustígum í Hengifossárgljúfri.

Umhverfisstofnun tekur undir það markmið deiliskipulags að skapa framtíðarsýn í skipulagi við Hengifossárgljúfur í anda sjálfbærni og vistvænnar ferðamennsku.

### Náttúruminjar

Hengifoss er á náttúruminjaskrá og einn fjölsóttasti ferðamannastaður Austurlands. Umhverfisstofnun tekur undir að fyrirhuguð uppbygging á svæðinu geti stuðlað að verndun náttúru og náttúruminja í Hengifossárgljúfri, ekki síst með því að afmarka umferð um svæðið og tryggja vernd og viðhald náttúrulegs umhverfis.

### Gönguleiðir, göngubrýr, hvíldarbekkir, skilti

Umhverfisstofnun tekur undir þá skoðun að laga þurfi göngustíga í Hengifossárgljúfri og aðkomuna að Hengifossi til að afmarka vaxandi umferð gesta um svæðið. Fram kemur í kafla 3.3 að ásýnd og efnisval miðist við að gönguleiðir, göngubrýr, bekkir og upplýsingaskilti í Hengifossárgljúfri falli vel að umhverfinu en trufli ekki ásýnd svæðisins og tekur Umhverfisstofnun undir það.

### Byggingar og aðstaða

Samkvæmt deiliskipulagstillöggunni er áætlað að byggja stærra þjónustu- og upplýsingahús sem einnig hýsir salerni. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að tryggt verði að útlit, efnisval og staðsetning hússins falli vel að landslagi og umhverfi svæðisins.

Í greinargerð kemur fram að stækka eigi bílastæðið við Hengifossárgljúfur til að anna vaxandi umferð um svæðið. Umhverfisstofnun bendir á gr. 5.3.2.14 Skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 þar sem fram kemur að ekki skuli reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Umhverfisstofnun mælir því með að bílastæðið verði ekki stækkað eins mikið til norðausturs og deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir. Stofnunin telur að stækkunin valdi óþarfa raski á árbakka Hengifossár og að frekar mætti stækka bílastæðið til suðvesturs ef þess er kostur. Einnig þrengdi minni stækkun til norðausturs síður að göngustíg við ána.

Gróður er á svæðinu sem fer undir stærra bílastæði, aðallega gras. Umhverfisstofnun mælir með að staðargróður verði notaður ef til uppgræðslu kemur eftir framkvæmdir. Manir og gróðurbelti eru einnig fyrirhuguð við bílastæðið. Umhverfisstofnun mælist til að efnisval í manir og tegundaval og útlit gróðurbeltis falli sem best að ásýnd landsins.

Í greinargerð kemur fram að byggja eigi við bílastæðið stærra upplýsinga- og þjónustuhús með salernum og söluaðstöðu og að möguleiki þurfi að vera á stækkun á því húsi í framtíðinni. Vegna takmarkaðs rýmis á byggingareitnum hvetur Umhverfisstofnun til þess að reynt verði að byggja húsið að einhverju leyti inn í brekkuna, líkt og nefnt er í greinargerð. Slíkt hefur m.a. gefið góða reynslu með Fljótsdalsstöð og fleiri aflstöðvar. Að sama skapi mælir stofnunin með að þess sé gætt að þjónustuhúsið sé ekki of nálægt gönguleiðinni upp hlíðina.

## Neysluvatn

Umverfisstofnun bendir á að neysluvatn í þjónustuhúsið þarf að uppfylla kröfur um gæði neysluvatns sbr. viðauka I með reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, sem og leiðbeiningar Hollustuverndar ríkisins. Umhverfisstofnun tekur undir að vatnsbólið verði girt af og frágangur miði að því að gera það minna sýnilegt.

## Fráveita og sorp

Umhverfisstofnun bendir á að mögulegar breytingar á fráveitu á svæðinu vegna stækkunar snyrtihúss þurfa að samræmast reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp. Umhverfisstofnun tekur undir að boðið verði upp á sorpflokkun við þjónustuhúsið.


## Umhverfisáhrif

Umhverfisstofnun tekur undir að heildaráhrif framkvæmda á gróður, vatn og landnotkun verði ásættanleg sé tekið tillit til markmiða deiliskipulags og aðalskipulags Fljótsdalshrepps um vernd náttúruminja og ferðamennsku í anda sjálfbærni. Umhverfisstofnun bendir á að þess skuli sérstaklega gætt að fella stíga vel að landi og takmarka sjónræn áhrif og áhrif á gróður og jarðmyndanir við stækkun og lagningu gönguleiða.

Virðingarfyllst



Hrönn G. Guðmundsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur